

Skólaráðsfundur 13.2.2014

Mættir: Hlíf, Hrafnhildur P., Hulda Ingibjörg, Þuríður, Ingibjörg Fossdal, Elísa Mjöll, Birta Rut, Ingibjörg Emils.

Farið yfir öryggisatriði skólalóðar og skólahúsnæðis. Hópurinn gekk um skólalóðina og skólahúsnæðið og gerði nokkrar athugasemdir. Undirlag á skólalóð er ábótavant en til stendur að ganga frá henni sumarið 2014. Málning hefur flagnað af staurum og þarf að mála þá. Tröppur niður á leikvöll þarf að laga. Innandyra þarf að festa upp slökkvitæki í tölvustofu og festa hillur við vegg.

Önnur mál

Nokkrar ábendingar bárust frá foreldrum.

Tillaga um að hafa morgunkaffi með foreldrum ákveðinna bekkja.

Tillaga um að setja loftviftur í skólastofur.

Tillaga um ávaxtastund í nestistíma. Mögulega hægt að vera í áskrift.

Tillaga um að skólinn skaffi skriffæri og bækur.

Samskipti – skilaboð koma stundum of seint heim. Skjatti illa notaður.

Nemendur unglíngadeildar fá stundum heimavinnu setta fyrir seint á föstudegi og eiga að skila á mánudegi. Vilja fá að vita tímalega um skil svo þau geti átt sitt helgarfrí.

Hulda kynnti vinnu sem fer í gang eftir helgi um að skólinn móti stefnur í ákvenðnum málum.

Hulda kynnti einnig að nemendaráð sé að vinna að því að finna einkunnarorð skólans.

Fundi slitið 17:03

Næsti fundur áætlaður 18. mars kl. 16:00

Fundargerð ritaði Ingibjörg Emilsdóttir